

í Prestbakka, Langholts og Þykkvabæjarklausturs kirkju, sem eru nýsmíðaðar, hafið þér, herra stiptamtmaður, farið þess á leit í bréfi, dagsettu 4. júnímán. þ. á., að veittir verði 460 rd. í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1867—68, til þess að útvega fyrir altarisöflur handa kirkjum þessum.

1866.

2. október.

Nú er skrifast hefir verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að fjárstjórnin ekki hefir þókt geta veitt samþykki sitt til þessa gjalds vegna þess, hvernig ástatt er með fjárhag Íslands, sèr dómsmálastjórnin sèr ekki fært að halda lengra úti þetta.

83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um heiðurspening handa Jóni hreppstjóra Erlendssyni á Auðnum.

3. október.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 12. þ. m. allramildilegast að veita Jóni Erlendssyni, hreppstjóra í Vatnsleysustrandar hrepp í Gullbringusýslu, heiðurspening, fyrir að hafa mörgum sinnum með lífsháska bjargað íslenskum sjómönnum, sem voru í nauðum staddir á sjó, og að leyfa honum að bera peninginn á brjóstinu.

Um leið og yður er sendur heiðurspeningur sá, sem sleginn hefir verið til þessa, eruð þér bednir að fá Jóni hreppstjóra Erlendssyni hann í hendur, á þann hátt, sem yður þykir bezt við eiga.

84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um borgun handa prófdómendum við lækna-próf í Reykjavík.

3. október.

Í bréfi dagsettu 13. júnímán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og Helgi Thordersen biskup skýrt frá, að þér hafið

1866.

3. október.

látid borga prófdómendunum tveim við læknapróf það, sem haldið var í fyrra í Reykjavík, 48 rd. alls úr lækna sjóðnum í ferðakostnað og fæðispeninga, það er segja Skúla Thórarensen héraðslækni 36 rd. og Gísla Hjálmarssyni kansallíráði 12 rd., á þann hátt, að greiða ætti fjórðung upphæðarinnar úr hverjum hinna fjöggra spítalasjóða. En þar sem amtmaðurinn í vestur-umdæminu hefir færzt undan að endurgjalda Kaldaðarness spítala þann fjórðung af upphæð þessari, sem borgaður hefir verið úr tæðum spítalasjóði fyrir Hallbjarnareyrrar spítalasjóð, nema fengið sé fyrst samþykki dómsmálastjórnarinnar til þessa gjalds, hafið þér beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort álíta megi slíkt samþykki nauðsynlegt, og ef svo er, þá beiðid um að það verði veitt.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hér með veitir samþykki sitt til, að fê þetta hefir verið borgað, og veitir yður, háæruverðugi herra, heimild til að láta líka borga framvegis þesskonar gjöld úr spítalasjóðnum, að svo miklu leyti sem þér álltíð, að ekki verði komizt hjá að skipa menn, sem ekki eiga heima í Reykjavík, til prófdómenda við læknapróf þetta.

4. október. **85. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-
mannsins og biskupsins yfir Íslandi, um kennslu-
bækur á íslenzku handa Reykjavíkur skóla.**

Eptir að stjórnarráðið hafði beiðid yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, í bréfi 25. maímán. þ. á., um að gjöra ráðstafanir til þess, að búnað verði til kennslubækur á íslenzku, til þess að þær verði notaðar við kennsluna í neðstu bekkjum skólans, einkum latínska málmyndalýsing og latínska orðabók með íslenzkum þýðingum, hafið þér sent hingað með bréfi dagsettu 11. f. m. uppástungu, er þér hafið látið kennar-ana í latínu við skólann gjöra, um ritun tæðra kennslubóka, og ber uppástungan með sêr, að kennarar þessir hafa tekizt á